

Minnisblað um fjármál og fjárfestingar

Dagsetning:	21. febrúar 2022
Verkkaupi:	Helgafellssveit og Stykkishólmsbær
Efni:	Minnisblað um fjármál og fjárfestingar
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Framtíðarsýn

Framlög Jöfnunarsjóðs

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir sameiningarframlög til sveitarfélaga. Framlög eru greidd út á sjö árum frá sameiningarári, eftir samkomulagi við Jöfnunarsjóð. Áætluð framlög vegna sameiningar eru samtals 619 m. kr. og miðast við ársreikninga ársins 2020. Framlög vegna sameiningar miðast við ársreikninga ársins fyrir gildistöku sameiningar og geta því tekið breytingum.

	Stykkishólmsbær	Helgafellssveit	Sameinað
Skuldajöfnunarframlag	400 m. kr.	-	400 m. kr.
Fast framlag	100 m. kr.	100 m. kr.	200 m. kr.
Byggðaframlag	19 m. kr.	-	19 m. kr.
Samtals framlög	519 m. kr.	100 m. kr.	619 m. kr.

Ef til sameiningar kemur munu tekjujöfnunarframlög aukast um 238 þús. kr. árlega og útgjaldajöfnunarframlög aukast um 4.931 þús. kr. árlega. Árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækka því samtals um 5.170 þús. kr. samkvæmt áætlunum sjóðsins.

Komi til sameiningar þarf að samræma fasteignaskatta. Til þess að sameinað sveitarfélag haldi sambærilegum tekjum við sameiningu mun álag á atvinnu- og íbúðarhúsnæði í Helgafellssveit hækka nokkuð og lítillega á íbúðarhúsnæði. Samstarfsnefnd leggur til að komið verði til móts við hækkan fasteignaskatta á ferðaþjónustufyrirtæki í dreifbýli.

Framkvæmdir og fjárfestingar

Sameiningarframlögin skapa aukið svigrúm til fjárfestinga. Að mati nefndarinnar ætti nýtt sveitarfélag að hafa í forgangi endurbætur á Skildi og viðbyggingu við Grunnskólans í Stykkishólmi. Samstaða er í nefndinni um mikilvægi viðbyggingar við grunnskólann í sameinuðu sveitarfélagi. Sjá nánari umfjöllun um húsnæðismál skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfs og viðbyggingu við grunnskólann í minnisblaði um fræðslu- og frístunda- og tómstundaþjónustu. Það verður nýrrar sveitarstjórnar að ákveða næstu skref hvað varðar nýtingu á húsnæðinu og frekari endurbætur.

Samstaða er í nefndinni um endurbætur á Skildi. Fyrsti áfangi er að gera upp elsta hluta hússins í samræmi við skýrslu byggingafulltrúa. Næstu áfangar taki mið af framtíðarnotkun hússins.

Nefndin er jákvæð fyrir uppsetningu Eyrbyggjuseturs í Skildi, þó þannig að húsið geti líka nýst fyrir fjölbætta starfsemi. Hugmyndina þarf að þróa betur og móta í samstarfi nýs sveitarfélags og Sjálfseignarstofnunar um Eyrbyggjusetur. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að sjálfseignarstofnunin afli stuðnings við verkefnið úr styrkjakerfi ríkisins. Þá er nefndin jákvæð fyrir þeim möguleikum sem standa til boða við bættu nýtingu Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar, þ.m.t. til þess að koma betur til móts við þarfir nemenda í grunnskóla og leikskóla sem og aðra íbúa og atvinnulíf.

Viðmið um fjármál og rekstur sveitarfélaga

Umfjöllunin byggir á þremur megin viðmiðum um fjármál sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

1. **Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun** kveður á um að sveitarstjórnun ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum, og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Hægt er að meta þann mælikvarða með því að leggja mat á hvort veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum langtímalána til lengri tíma.

Helgafellssveit hefur haft veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána á bilinu 8,8 m. kr. til 12,3 m. kr. á árunum 2018 – 2020. Veltufé Stykkishólmsbæjar að frádregnum afborgunum langtímalána var á bilinu 4,1 m. kr. til neikvæðar 97 m. kr. á tímabilinu 2018 – 2020. Það gefur vísbendingar um að sameinað sveitarfélag hefði haft veltufé frá rekstri um 100 – 200 m. kr. á tímabilinu, en afborganir langtímalána síðustu ára hafa verið háar vegna mikilla fjárfestinga.

Í fjárhagsáætlunum er gert ráð fyrir að veltufé Stykkishólmsbæjar muni styrkjast á næstu árum og verði á bilinu 150 – 200 m. kr. árin 2022 – 2023 og standist afborganir langtímalána frá og með árinu 2023. Helgafellssveit áætlar að veltufé frá rekstri verði á bilinu 1,5 – 3 m. kr. árin 2022 – 2025.

Vísbendingar eru um að sameinað sveitarfélag hefði gott veltufé frá rekstri og að afborganir langtímalána léttist á næstu árum í kjölfar niðurgreiðslu skulda. Veltufé standi undir afborgunum langtímalána frá og með árinu 2024, en ef til sameiningar kemur munu sameiningarframlög tryggja að sveitarfélagið standist meginregluna um ábyrga fjármálastjórn.

2. **Jafnvægisreglan** segir til um að sveitarstjórnun beri að sjá til þess að heildarútgjöld til rekstrar samstæðu á þriggja ára fresti sé ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Sameinað sveitarfélag hefði staðist jafnvægisreglu á tímabilinu 2018-2020. Rekstrarafgangur til þriggja ára hjá sameinuðu sveitarfélagi hefði verið á bilinu 32 – 90 m. kr. Helgafellssveit og Stykkishólmsbær stóðust jafnvægisreglu frá árinu 2018.

Í fjárhagsáætlunum Helgafellssveitar er gert ráð fyrir rekstrarhalla árin 2022 – 2025 og því vísbendingar um að sveitarfélagið standist ekki jafnvægisreglu á næstu árum miðað við gildandi áætlanir. Stykkishólmsbær áætla rekstrarhalla árið 2021 en rekstrarafgang á bilinu 52 – 113 m. kr. árin 2022 – 2023 sem mun vega upp þann halla. Vísbendingar eru um að Stykkishólmsbær standist jafnvægisreglu árinu 2023 til 2025.

Sameinað sveitarfélag myndi standast jafnvægisreglu árin 2023 – 2025 miðað við áætlanir sveitarfélaganna og vísbendingar eru um að rekstur sameinað sveitarfélags yrði í rekstrarjafnvægi.

3. **Skuldareglan** kveður á um að sveitarstjórnnum beri að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærra en nemur 150% af reglulegum tekjum ársins. Skuldaregla miðast við skuldaviðmið í 6. gr. reglugerðar nr. 502/2012 en í þessari greiningu er stuðst við skuldahlutfall sem er rýmra en skuldaviðmið. Ef sveitarfélög standast skuldahlutfall þá standast þau eðli málsins samkvæmt einnig skuldaviðmið skuldareglunnar.

Sameinað sveitarfélag hafði skuldahlutfall samstæðu um 143% árið 2020 og er það innan marka skuldareglu. Hlutfallið var á bilinu 121 – 144% árin 2018 – 2020. Skuldahlutfall Helgafellssveitar var á bilinu 29-16% árin 2018 – 2020 og skuldahlutfall Stykkishólmsbær var á bilinu 134 – 148% árin 2018 – 2020.

Í fjárhagsáætlunum Helgafellssveitar er skuldahlutfall sveitarfélagsins á bilinu 25-28% en ekki er gert ráð fyrir lántöku á tímabilinu. Í áætlunum Stykkishólmsbæjar er áætlað að skuldahlutfall lækki úr 138% árið 2022 í 129% árið 2025 og á árunum 2023 – 2025 er gert ráð fyrir afborgunum lána umfram lántökur samtals 276 m. kr.

Skuldahlutfall Stykkishólmsbæjar:



Skuldaviðmið Stykkishólmsbæjar:



Árið 2022 hefði sameinað sveitarfélag skuldahlutfall 138% en áætlað hlutfallið fari lækkandi á næstu árum og verði 127% árið 2025.


Áætlaðar fjárfestingar sameinaðs sveitarfélags á árunum 2023 – 2025 eru samtals 412 m. kr. Ef til sameiningar kemur eru vísbendingar um að skuldajöfnunarframlög vegna sameiningar standi undir meirihluta þeirra fjárfestinga, þannig að sameinað sveitarfélag þurfi ekki að taka ný lán vegna áætlaðra fjárfestinga. Sameinað sveitarfélag hefði því gott svigrúm til fjárfestinga umfram þær sem er nú að finna í áætlunum sveitarfélaganna.

Tekjustofnar sveitarfélaganna

Á myndinni að neðan er yfirlit og samsetning tekna sveitarfélaganna reiknað í þús. kr. á íbúa árið 2020. Landsmeðaltali er bætt við til þess að setja tekjur sveitarfélaganna í betra samhengi.

Vísbendingar eru um að:

- Skatttekjur sveitarfélaganna reiknaðar á íbúa séu undir landsmeðaltali í báðum sveitarfélögum.
- Fasteignaskattstekjur séu hlutfallslega lágar á íbúa í Stykkishólmsbæ.
- Helgafellssveit fái hlutfallslega mikið af tekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
- Aðrar tekjur með skattaígildi séu hlutfallslega háar í Stykkishólmsbæ en engar slíkar tekjur eru í Helgafellssveit.



Eignir og skuldir sveitarfélaganna

Árið 2020 voru eignir Helgafellssveitar um 93 m. kr. og eignir Stykkishólmsbæjar voru 3.360 m. kr. Eignir sameinaðs sveitarfélags hefðu því verið um 3.400 m. kr. árið 2020. Eignir á íbúa í Stykkishólmsbæ voru 2,8 m. kr. og 1,4 m. kr. í Helgafellssveit. Landsmeðaltal var 3,6 m. kr. árið 2020.

Árið 2020 voru skuldir og skuldbindingar Helgafellssveitar um 10,7 m. kr., sem eru skuldir Gagnaveitu Helgafellssveitar ehf. við sveitarsjóð Helgafellssveitar, en um 2.500 m. kr. hjá Stykkishólmsbæ. Skuldir og skuldbindingar sameinaðs sveitarfélags hefðu því verið um 2.500 m. kr. Skuldir og skuldbindingar á íbúa í Stykkishólmsbæ voru 2,1 m. kr. og 166 þús. kr. í Helgafellssveit. Landsmeðaltal var 1,9 m. kr. árið 2020.

Gjaldskrár sveitarfélaganna

Komi til sameiningar þarf að samræma fasteignaskatta sveitarfélaganna. Til þess að sameinað sveitarfélag haldi sambærilegum tekjum við sameiningu mun álag á atvinnu- og íbúðarhúsnæði í Helgafellssveit hækka nokkuð og lítillega á íbúðarhúsnæði.

	Stykkishólmur	Helgafellssveit
Íbúðarhúsnæði	0,42%	0,36%
Atvinnuhúsnæði	1,57%	1,00%
Lóðarleiga		
Íbúðarhúsnæði	0,97%	
Atvinnuhúsnæði	2,15%	
Fráveitugjald		
Íbúðarhúsnæði	0,17%	8.000 kr
Atvinnuhúsnæði	0,21%	
Sorphirðugjald	55.900 kr.	22.500 / 30.000 kr.

Ef kæmi til sameiningar þyrfti að samræma álag á atvinnuhúsnæði sem þýðir 0,57 prósentustiga hækkun í Helgafellssveit. Rétt er að halda því til haga að húsnæði til atvinnurekstrar í landbúnaði flokkast undir íbúðarhúsnæði í A-lið. Að mati samstarfsnefndar eru tvær leiðir færar;

1. Skattar samræmdir án mótvægisáðgerð

Álag á atvinnuhúsnæði hækkar um 0,57 prósentustig og tekjuhækkun sveitarfélagsins yrði tæplega 900 þús. kr. samtals. Það leiðir til verulegrar hækkunar á fasteignasköttum á gististaði.

2. Skattar samræmdir og veittur sérstakur styrkur til ferðaþjónustu í dreifbýli

Eignir í flokki atvinnuhúsnæðis eru 14 í Helgafellssveit og þar af eru þrjár eignir með starfsemi í ferðaþjónustu. Til að mæta þeirri hækkun gæti sveitarfélagið veitt tímabundna styrki til ferðaþjónustu í dreifbýli og þar með dregið úr áhrifum hækkunar.